

N Á T T Ú R U F R Æ D I S T O F N U N Í S L A N D S

Iðnaðarnefnd
Nefndasvið Alþingis
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 07. febrúar 2011
2011010030/42-1-3
TB
jgo/tb

Tillaga til þingsályktunar, orkuskipti í samgöngum, 403. mál

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá iðnaðarnefnd Alþingis, dags. 27. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um orkuskipti í samgöngum, 403. mál.

Náttúrufræðistofnun Íslands tekur undir þau markmið sem koma fram í framangreindri þingsályktunartillögu þ.e. að skipta beri út kolefnaorkugjöfum fyrir endurnýjanlega orku í samgöngum. Í tillögunni kemur fram að fyrst og fremst sé átt við að nota raforku sem orkugjafa en einnig eru taldir miklir möguleikar á að framleiða metan, lífdísilolíu, metanol og fleiri orkugjafa. Náttúrufræðistofnun vill minna á að nauðsynlegt er að skoða notkun orkugjafa með heildstæðum hætti. Aukin notkun á raforku til samgangna hlýtur að auka ásókn í raforku þ.m.t. jarðhita. Þetta leiðir hugann að því að tryggja þarf að jarðhitinn geti endurnýjað sig og að aukin ásókn í jarðhita- og vatnsorku valdi ekki óafturkræfum skaða á náttúru landsins né ofnýtingu m.t.t. til framtíðar. Hvorki jarðhitaorka eða vatnsorka eru endurnýjanlegir orkugjafar með sama hætti og t.d. vindorka og sólarorka. Einnig er vel þekkt að ræktun á plöntum til að framleiðslu á lífdísilolíu hefur ekki eingöngu jákvæðar hliðar. Það er því nauðsynlegt að allar rannsóknir vegna þessa máls taki til heildaráhrifa á náttúru landsins og að settar séu fram skilgreiningar á því hvenær orka teljist endurnýjanleg og hvenær ekki.

Virðingarfallst

Jón Gunnar Ottósson

forstjóri

Trausti Baldursson

Trausti Baldursson

